



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

7. júlí 2011
27. tbl. · 28. árg.




Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



Að búa til sigurvegara

„Hér verður margt að breytast, bæði innanvallar og utanvallar,“ segir Guðjón Þórðarson, þjóðþekktur knattspyrnuþjálfari BÍ/Bolungarvíkur. Á miðopnu í dag segir Guðjón blaðamanni frá framtíðarsýn sinni fyrir hönd liðsins, hvernig þjálfarastarfið samræmist heimilislífinu og nýju tilverunni í Bolungarvík, þar sem honum getur á stundum liðið eins og geimveru...



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Um daginn var gestum boðið að gæða sér á rækju í sólskininu.

Skemmtilegur andi í saltfiskveislu og sjötugsafmæli

Húsfullir var í saltfiskveislu Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði á laugardag. Þá um daginn var jafnframt boðið upp á létt dagskrá í tilefni af 70 ára afmæli

safnsins. „Það var slæðingur af fólki allan daginn og svo fullt af fólki um kvöldið og mjög skemmtileg stemmning,“ segir Jón Sigurpálsson forstöðumaður safnsins. Um daginn bauðst fólki



Djassinn dunaði enda ómissandi hluti af veislunni.

að spóka sig í Neðstakaupstað undir harmónikkuleik og gæða sér á þjóðlegu góðgæti, svo sem rækju og hákarli, sem útlenskir gestir létu misvel af. Þá vakti þó

nokkra athygli er saltfiskur kvöldsins var roðflettur og undirbúinn fyrir kvöldið í veðurbliðunni. Um kvöldið dunuðu djasstónar

er fólk gæddi sér á saltfiskréttum sem matreiddir voru af Magnúsi Hauksyni og lærisveinum hans á muurikkapönnum undir berum himni.



Fjöldi manns sótti Dýrafjarðardaga. Ljós. Davíð Davíðsson.

Bæjarhátíðin Dýrafjarðardagar var haldin á Þingeyri um helgina. Að sögn Ernu Höskuldadóttur, eins af skipuleggjendum, fór hátíðin vel fram. Að sögn hennar keyptu 600 manns sig inn á hátíðina en sex ára og yngri fengu frítt. Þó var nokkuð um atburði sem ekki þurftu að greiða sig inn á og

telur Erna að um þúsund manns hafi verið á svæðinu þegar mest lét, en það er svipaður fjöldi og í fyrra.

Dagskráin var fjölbreytt alla helgina. Eyrún Arnarsdóttir frá Suðureyri spilaði og söng á setningarathöfninni, Ari Eldjárn var með uppistand og listsýningarnar voru vel sóttar, svo lítið

Rífandi stemmning á Dýrafjarðardögum

eitt sé nefnt. Þórir Örn Guðmundsson var með leiðsögn um söguslóðir Gísla Súrssonar í Haukadal og að sögn Ernu mættu 40 manns í fyrra og var þá slegið met í fjölda þátttakenda. Í ár var gert enn betur en 80 manns fóru í ferðina. Mikil aðsókn var líka í siglingu með víkingaskipinu Vésteini. Sex bílar tóku þátt í kassabílarallinu í ár. Eftir keppnina var slegið upp í vagnhlaup þar sem mömmur og ömmur með börn í vögnum hlupu sama hring. „Þetta var mjög myndið og allir til í að vera með,“ segir Erna.

asta@bb.is



Það var rífandi stemmning þegar Hvanndalsbræður spiluðu í Félagsheimilinu. Ljós. Davíð Davíðsson.

Markaðshelgi í bongóblíðu



Fjölmargin listamenn stigu á stökk er boðið var upp á skemmtidagskrá.

Fjölmenni sótti Markaðshelgina í Bolungarvík sem þótti heppnast vel í blíðskaparveðri. Hátíðin hófst með skrudgöngu og brekkusöng á föstudag. „Það var frábær þátttaka í skrudgöngunni og eiginlega bara stúfult alla helgina. Margir komu að og skemmtu sér með okkur, sem er náttúrulega bara frábært,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir, einn af skipu-

leggendum hátíðarinnar. Hátíðin fór að þessu sinni fram við Félagsheimili Bolvíkinga en ekki við Íþróttamiðstöðina og segir Guðrún að það hafi komið vel út.

Markaðsborðin voru þung af vöruúrvali og margt var fyrir stafni á hátíðinni jafnt fyrir unga sem aldna. Þar var að sjá trúða, hægt var að kaupa sér kandífloss og regluleg karnivalstemming myndaðist. thelma@bb.is



Fjölmenni sótti dagskrá Markaðshelgarinnar í sumarblíðunni. Myndir: Reynir Skarsgård/www.reynirsk.smugmug.com.

Samkaup úrval góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 7. - 10. júlí

45%
afsláttur

1.795

996 kr/kg

Úrvals svínakótilettur
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



Marínering
með bjór og
dijon-sinnepi
...sjá uppskrift
á samkaupurval.is



50%
afsláttur

Úrvals svínaríf 499 kr/kg

verð áður 998 kr/kg

25%
afsláttur

1.598

1.199 kr/kg

Lambalæri

hvítlaukskryddað frá Kjötseli



30%
afsláttur

454 kr/kg

Tex Mex kjúklingavængir

frá ísfugli verð áður 649 kr/kg



...sjá uppskrift:
Gul melóna
með myntu og límónu
á samkaupurval.is

38%
afsláttur

Gul melóna 199 kr/kg

verð áður 318 kr/kg



Góð
kaup!

393

358 kr/pk

Grillpýlsur, ítalskar
230g frá Goða



38%
afsláttur

159

99 kr/pk

Eggjanúðlur
250g frá Coop



Góð
kaup!

Hnetur og ávextir 299 kr/pk
200g frá Coop



Smákökur 149 kr/pk
150g frá Coop

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir
á samkaupurval.is

Norrænt handverksfólk saman á Þingeyri

Norrænar handverkssumarbúðir eru haldnar á Þingeyri við Dýrafjörð þessa dagana. Öll fjölskyldan getur fundið þar fjölmargt við sitt hæfi enda spennandi námskeið í boði fyrir alla aldurshópa. Í framboðinu kennir margra grasa. Þar verða námskeið í spjaldvefnaði, eldsmiði, tálgun úr ýsubeinum, leggjaflautusmiði, leikbrúðugerð og hvernig gera megi listmuni úr mannhári, svo nokkuð sé nefnt.

Auk handverksins verður farið í skipulagða ferð til Hrafnseyrar og Dynjanda og að safninu í Selárdal. Á kvöldin verður opið í félagsheimilinu þar sem í boði verða fyrirlestrar, kvöldvökur, leiksýning og margt fleira. Þátttakendur verða frá öllum Norðurlöndum og mun íbúafjöldinn í Dýrafirði líklega tvöfaldast meðan á sumarbúðunum stendur.

Að þessu handverksþingi stendur Heimilisiðnaðarfélag Íslands í góðu samstarfi við Þjóðbúningafélag Vestfjarða, sem er tengiliður sumarbúðanna á Vestfjörðum. Margrét Skúladóttir situr beggja vegna borðsins en hún fyrrum formaður Þjóðbúningafélagsins og nefndarmaður í Heimilisiðnaðarfélaginu. Hún útskýrði fyrir blaðamanni hvernig það kom til að konur í Þjóðbúningafélaginu komu að skipulagningunni.

„Frá því að Þjóðbúningafélag Vestfjarða var stofnað haustið 2006 hefur það verið í góðum tengslum við Heimilisiðnaðarfélagið, sem er meðlimur í samnorrænum samtökum sem halda handverkssumarbúðir á hverju ári. Á næsta ári verða þær í Finnlandi.

Frá stofnun Þjóðbúningafélagsins höfum við fengið marga

kennara frá Heimilisiðnaðarfélaginu vestur. Æ fleiri konur frá Þjóðbúningafélaginu hafa síðan skráð sig í Heimilisiðnaðarfélagið og í kjölfarið setið í nefndum félagsins. Fyrir tveimur árum var ég skipuð í nefnd ásamt þremur öðrum konum, þeim Soffíu Magnúsdóttur, Svölu Nordal og Hrafnhildi Hafberg, en hún er núverandi formaður Þjóðbúningafélags Vestfjarða. Þessi nefnd kallast Norrænunefndin og sér hún um að skipuleggja norrænu handverkssumarbúðirnar sem halda átti á Íslandi. Þegar ákveða átti hvar þær skyldu haldnar var einmitt gos í gangi og allt í uppnámi á Suðurlandinu. Áður hafði verið haldið svona þing á Norðurlandi og ekki þótt spennandi að vera á höfuðborgarsvæðinu eins og flest annað, svo að Vestfirðir urðu fyrir valinu.“

Þátttakendur sóttir til Reykjavíkur

Skipuleggiendur sumarbúðanna á Íslandi urðu fljótt varir við að mikill áhugi var fyrir því að koma vestur og er nú svo komið að metþáttaka er í búðirnar.

„Soffía Magnúsdóttir og Svala Norðdahl frá Heimilisiðnaðarfélaginu voru í búðunum í Noregi í fyrra og voru þar komnir um 70 manns á lista sem vildu fá upplýsingar um næstu búðir og sýndu mikinn áhuga að koma til Íslands.

Okkur fannst því frábært ef við myndum allavega ná um 80 manns þar sem í kringum 70 sóttu þær síðast, en svo var áhuginn svo mikill að nú eru þátttakendur orðnir um hundrað talsins og mér skilst hafa þeir aldrei verið fleiri.“

Þetta varð síðan enn umfangsmeira þegar ákveðið var að sækja þátttakendurna suður.


„Við fórum síðan að hugsa um það hvernig þátttakendur ættu að koma sér vestur og það varð úr að við sækjum þá til Reykjavíkur og keyrum til Þingeyrar í rútu. Við ætlum að stoppa í Borgarnesi og skoða brúðusafnið þar og komum svo við á Laugarhóli þar sem við ætlum að skoða Kotbýli kuklarans og snæða saman kjötsúpu.“

Góð kynning fyrir Vestfirði

Auk dagskrárinnar á Þingeyri verða aðrir hlutar Vestfjarða skoðaðir.

„Við stefnum að því að fara yfir Hrafnseyrarheiðina og skoða Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, skoðum svo Dynjanda á leið okkar yfir á Bíldudal þar sem safn Samúels Jónssonar verður skoðað og verið gæti að við skoðum Skrímslasetrið ef tími gefst. Ég er þó ekki viss um að við náum því. Á fimmtudeginum og föstudeginum standa svo yfir fjölbreytt námskeið og opnir fyrirlestrar á kvöldin. Þar kemur meðal annars fram Sverrir Pétursson sem ætlar að kynna vefinn prjónamynstur.is. Þá verður leikbrúðumeistarinn Bernd Ogronnik með brúðusýningu sem hann hefur ferðast með um allan heim og Elfar Logi Hannesson sýnir einleikinn Gísla Súrsson sem einnig hefur farið víða. Það verður því fjölmargt í boði. Bernd er einmitt einn kennaranna á námskeiðunum.“

Óhætt er að telja að handverkssumarbúðirnar muni setja mikinn svip á bæjarlífið á Þingeyri en



Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri var þungst á vogarskálunum þegar kom að vali á stað fyrir sumarbúðirnar.

öll gistiþláss í þorpinu verða nýtt fyrir þátttakendur.

„Ástæðan fyrir því að Þingeyri varð fyrir valinu er smiðjan þar. Hún er punkturinn sem við gengum út frá. Þingeyringarnir tóku alveg stórkostlega vel á móti okkur þegar við komum til þeirra með þessa hugmynd þótt enginn hafi gert sér grein fyrir því þá hversu stórt þetta yrði,“ segir Margrét.

„Ég trúi ekki öðru en þessar búðir muni skilja eitthvað eftir sig í samfélaginu. Með kennurum, þátttakendum og öðrum sem koma að þessu verða þetta um 140 manns. Þetta er líka mjög góð kynning fyrir Vestfirði. Margt af því fólki sem er að koma er fólk sem ferðast mikið. Sumir hafa meira að segja komið til Íslands áður en ekki til Vestfjarða. Við höfum því fengið að heyra að margir séu mjög spenntir fyrir að skoða þennan áhuga-verða landshluta.“

Mest úr heimabyggð

Mjög fjárfrekt er að halda þing af þessu tagi og hafa ýmsir styrkt Handverkssumarbúðirnar. Meðal annars fengu félögin sem standa að þinginu milljón króna styrk frá Menningarráði Vestfjarða og 500.000 króna styrk frá Vaxtasamningi Vestfjarða.

„Þemað sem við lögðum upp með þegar við byrjuðum að skipuleggja búðirnar var að hafa sem mest úr heimabyggð – mat, hráefni og kennara. Þeir hafa kunnáttu sem er séríslensk og frá

þessu svæði, eins og vestfirskir vettlingar, hárkunst, vestfiskbrauð og litað úr jurtum af svæðinu. Námskeiðin verða alls sautján en einungis sex kennarar sem ekki eru héðan. Reynt er að gera eins mikið og hægt er hér heima.

Einnig bjóðum við upp á að handverksfólk sem hefur áhuga á að koma vörum sínum á framfæri að leigja gegn vægu gjaldi sölubás og selja á meðan á sumarbúðunum stendur.“

Þess má geta að sumarbúðirnar hafa í för með sér afar góða kynningu fyrir alla Vestfirði. Stefnit er að því að þátttakendur fari Suðurfirðina til baka að þingi loknu og sigli með Baldri yfir Breiðafjörð með viðkomu í Flat-ey ef veður leyfir. Stoppað verður í Stykkishólmi og fengið sér að borða. Þá verður tekin upp lítil heimildamynd um þingið sem unnin verður síðar.

– thelma@bb.is



Meðal annars verður námskeið í því hvernig gera eigi listmuni úr mannhári.



Einnig bjóðst nemendum að læra að prjóna vestfirsku laufviðarvettlingana.

BONUS BONUS BONUS BONUS



TÍU **SS**
VÍNARPYLSUR
579 KR.

SS VÍNARPYLSUR 10 STK. 560 GR. VERÐ: 579 KR. 30 ÞÚS. PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI



139 KR. 5 stk
BÓNUS PYLSUBRAUÐ



NAUTA
Veisla

FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT KJÖT, ENGU BÆTT Í

10x100 GRÖMM **1398 KR.**
4x175 GRÖMM **998 KR.**

RISA HAMBORGARI



139 KR. 4 stk
HAMBORGARABRAUÐ



295 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g



198 KR. 770g
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ 770g



198 KR. 4 stk
BÓNUS NYBAKAÐAR KRINGLUR



205 KR. 300g
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA



1049 KR.KG
GOUDAOSTUR 26%



395 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g



98 KR. 150g
COCONUT & CHOC CHIP



98 KR. 120g
CRUNCHY CHOCOLATE



598 KR. 3 kassar

PRINSBITAR - ÆDIBITAR - HRAUNBITAR

**LÆGRA VÖRUVERÐ
Í TUTTUGU OG TVÖ ÁR!**
1989 BÓNUS 2011



179 KR. 300g
KEX MEÐ MJÓLKURSÚKKULAÐI



GOSDÓS 33 CL
69 KR. STK



FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.



COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT



YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.



29 KR. 85g

EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g

BONUS BÝÐUR BETUR

Spýtan ehf., gjaldþrota

Verktakafyrirtækið Spýtan ehf., á Ísafirði hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta og eru starfsmenn fyrirtækisins gengnir til liðs við TH ehf., á Ísafirði. „Þeir munu áfram sinna þeim verkefnum sem Spýtan hefur haft á sinni könnu,“ segir Steinþór Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda TH ehf.

„Þeir verða áfram viljugir verktakar en nú undir merkjum TH,“ segir Steinþór. Um er að ræða sex smíði og munu þeir áfram bjóða í verk á borð við þau sem Spýtan hefur tekið að sér á undanförunum árum.

Tæp milljón til Vestfjarða

Vá Vest hefur verið úthlutað að 650 þúsund krónum úr Forvarnarsjóði auk 250 þúsund króna fyrir verkefni „Foreldrar í forystu“ og „Unglingar og lífstíll.“ Þá fékk Þorsteinn Haukur Þorsteinson, fornvarnarfulltrúi í Súðavík, 100 þúsund króna styrk fyrir verkefnið „Veljum lífið!“, en hann hefur ferðast um Vestfirði með fyrirlestra fyrir grunnskólanemendur.

Alls voru veittar 72 milljónir króna í styrki.

Spurningin

Telur þú að áfengis-
auglýsingar auki á
neyslu á áfengi?

Alls svöruðu 538.

Já sögðu 339 eða 63%
Nei sögðu 199 eða 37%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustan 3-10 m/s og bjart með köflum, en smávæta á NA- og A-landi og þoku-bakkar við ströndina, en stöku skúrur syðra. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast S- og V-lands en svalast við N- og A-ströndina.

Horfur á laugardag: Hæg norðlæg átt og víða skúrur, en bjart veður V-lands. Kólnandi veður, einkum NA-lands.


Horfur á sunnudag:

Breytileg átt, skýjað með köflum og þurr að mestu. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast SV-lands.

Nýrri vélarsamstæðu komið fyrir í Mjólka

Fyrsti hlutinn í nýrri vélarsamstæðu Mjólkárveikjunnar var hífður inn í hús í síðustu viku. Vestfirskir verktakar ehf., hafa unnið að stækkun og breytingu á stöðvarhúsi veikjunnar frá því í byrjun apríl og hafa sjö menn að jafnaði unnið við verkið og allt upp í tólf á álagstímum. Steinar R. Jónasson, stöðvarstjóri, segir verkið vel á veg komið og framkvæmdina á áætlun. „Steypuvinnan hefur gengið vel og búið er að gera kjallaran klárann fyrir vatnsrásina að vatnshverflinum. Sjálf túrbínin verður síðan steypt föst um miðjan júlí. Síðan verður gert hlé á vélaruppsetningu fram yfir verslunarmannahelgi. Þá tekur við mánaðar törn og er reiknað með að hægt verði að hleypa vatni á vélina um miðjan september og prófunum verði lokið fyrir 1. október,“ segir Steinar.

Það hefur ekki reynst nauðsynlegt að stöðva raforkuframleiðslu Mjólkárveikjunnar á meðan verði er að koma nýju vélarsamstæðunni fyrir. „Gamla túrbínin í Mjólka II hefur verið keyrð á fullu á meðan verði að koma þeirri nýju fyrir. Það verður þó að stöðva hana eftir að nýja túrbínin



Nýja túrbínin var hífð inn í stöðvarhús Mjólkárveikjunnar. Ljós: Steinar R. Jónasson.

er komin á sinn stað en það verður þó ekki nema í rúmar fimm vikur,“ Steinar. „Það var ákveðið að hafa þennan háttinn á og byggja frekar við stöðvarhúsið fyrir nýja

hverfillinn í stað þess að koma honum fyrir í vélarstæði gamla hverfilsins. Með því að fara þessa leið þurfum við ekki að stöðva framleiðsluna nema í fáeinar

vikur í stað nokkurra mánaða. Núna erum við líka með nægilegt húsrými til að skipta um vélbúnað Mjólka I þegar að því kemur,“ segir Steinar. –kte@bb.is

Ritstjórnargrein

Örninn er lentur

„Ernir eru glæsilegir fuglar og vekja ævinlega áhuga þegar þeir sjást. Þeir eru fáir og dýrmætir í mosaíkmýnd náttúrunnar og sjást gjarnan einir á flugi. Sterklegir vængir þeirra bera þá hátt og örugglega í völdugu svifi þegar aðrir fuglar himins kúra í skjóli fyrir næðingi vinda. Þannig var það líka með sjúkraflygmanninn Hörð Guðmundsson. Hann flaug oft aleinn eins og örninn og storkaði staðreyndum veðurs ef neyðin kallaði og tefldi þá stundum á tæpasta vað. Þeir áttu margt sameiginlegt örninn og sjúkraflygmaðurinn á Vestfjörðum, þessir einfarar loftsinns sem vöktu aðdáun þegar þeir sáu, örninn því hann er sjaldséður og glæstur fugl, flygmaðurinn því hann var hugrakkur og ósérhlífinn björgunarmaður. Eins konar örn í manniheimi.“

Þessi inngangur að bók Jónasar Jónassonar um Hörð Guðmundsson, flygmann og flygfélagið Ernir, sem stofnað var í Bolungarvík 25. júní 1970, dregur upp þá mynd sem Vestfirðingar þekkja best af Herði: sjúkraflygmanninn sem aldrei hikaði við að taka flugið þegar koma þurfti sjúklingi undir læknishendur, væri þess nokkur kostur. „Þetta er starf sem fáir nema Hörður hefðu getað innt af hendi jafn vel og hann hefur gert það“ eru orð Arngríms Jóhannssonar, eins af þekktari flygmönnum Íslands og stofnanda Air Atlanta, en hann segir „flugaðstæður á Vestfjörðum með þeim verstu sem gerast á

landinu. Að halda úti flugrekstri á Vestfjörðum er meira en menn gera sér grein fyrir.“ Því ómetanlega starfi sem Hörður innti af hendi í þágu Vestfirðinga af ósérhlífni og dugnaði í rúman aldarfjórðung verða vart fundin betri orð.

Í lífi flestra skiptast á skin og skúrur. Hörður Guðmundsson og flygfélagið hans eru þar engin undantekning. Lending Harðar á Reykjavíkflugvelli 24. júní, að loknu flugi til Bíldudals, markaði tímamót. Örninn var lentur. Hörður hafði lokið síðasta áætlunarfluginu á 65. afmælisdegi sínum. Móttökurnar sem biðu hans á flugvellinum í Reykjavík voru verðskuldaðar.

Flugfélagið sem stofnað var í Bolungarvík fyrir rúmum 40 árum átti að verða lítið félag. Starfsmenn þess í dag eru um 60 talsins. „Í dag er ég mjög sáttur maður, við höfum náð að skapa atvinnutækifæri fyrir marga unga flygmenn og það þykir mér frábært,“ segir Hörður, sem segist hvergi nærri hættur að fljúga þótt hann fljúgi ekki lengur áætlunarflug. Hann mun áfram miðla af reynslu sinni og þekkingu til þeirra sem taka við keflinu. Og það er ekki í kot vísað í reynslubanka Harðar Guðmundssonar.

Bæjarins besta tekur sér það bessaleyfi að færa Herði og fjölskyldu hans árnaðaróskir á þessum tímamótum og þakklæti fyrir störf þeirra í þágu íbúa Vestfjarða. Þeirra verka verður lengi minnst. s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Enn samið um framtíð Flateyrar

Enn hefur ekki verið leyst úr flækjunni sem skapaðist við sölu eigna úr þrotabúi Eyrarodda á Flateyri. „Eins og staðan er í dag kemur Bygðastofnun ekki lengur að samningunum. Samningsaðilarnir eru Landsbankinn, Lotna ehf. og Toppfiskur og milli þeirra eru viðræður í fullum gangi,“ segir Hjalti Arnason, lögfræðingur hjá Bygðastofnun. „Það eru þreifingar í gangi en ekki komin niðurstaða. Við göngum

út frá því að finna niðurstöðu sem allir geta verið sáttir við og þannig að báðir aðilar geti stundað útgerð eða fiskvinnslu á Flateyri til framtíðar,“ segir Sigurður Aðalsteinsson, einn eigenda Lotnu.

Vegna þeirra tafa sem orðið hafa á sölu þrotabúsins hefur krókaaflamarksbáturinn Stjáni Ebba ÍS ekki róið frá því í desember á síðasta ári. Báturinn hefur þó verið úthlutað byggðakvóta fyrir þetta fiskveiðiáren nú styt-

ist í að kvótaárinu ljúki. Nái Stjáni Ebba ekki að veiða umræddan byggðakvóta er ljóst að hann brennur inni og útgerðin fær ekki úthlutun á næsta ári. Verði þetta raunin gæti þrotabúið orðið af tugum milljóna króna.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að unnið sé að lausn þessara mála. „Við erum að reyna að ná í sjávarútvegsráðherra til að biðja um að tímunn til að ná inn byggðakvót-

anum verði lengdur. Jón Bjarnason er hins vegar staddur erlendis eins og er, en ég á von á jákvæðum viðbrögðum frá honum vegna þeirrar sérstöku aðstæðna sem skapast hafa á Flateyri,“ segir Daníel.

Daníel segir algjörlega óþolandi að þessi staða hafi komið upp á Flateyri. „Við gerum þá kröfu til þeirra sem vinna að lausn þessara mála að þeir geri sér grein fyrir því að heilt byggðarlag er

undir. Það hefur tekið alltof langan tíma að leysa þetta mál. Mér finnst að sumir hverjir hafi átt að ganga miklu harðar fram í að ná fram niðurstöðu í stað þess að standa á hliðarlínunni. Þetta kann að hljóma eins og biluð plata, en ég er enn fullviss um að menn eigi eftir að ná farsælli lausn. Og þarna verði komin blómleg fyrirtæki áður en sumarið er á enda,“ segir Daníel Jakobsson.

– kte@bb.is



Frá höfuðþróði Bygðasafns Vestfjarða, Neðstakaupstað á Ísafirði.

Endurskoða skipulag safna

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur lagt til að óskað verði eftir því við meðeigendur Bygðasafns Vestfjarða að rekstur safnsins verði færður til Ísafjarðarbæjar. Þá verði bókhald, greiðsla reikninga og áætlunargerð færð inn í kerfi bæjarins og fjármálaumsýsla safnsins verði eins og annarra stofnana hjá bænum. Þetta kemur fram í

minnisblaði bæjarstjóra sem lagt var fyrir bæjarráð varðandi endurskoðun á skipulagi safna, svo sem skipan stjórnar, fjármálaumsýslu og mannahald. Þar er einnig lagt til að stjórn safnsins verði breytt í rekstrarnefnd sem í sitji bæjarstjórar sveitarfélaganna sem eiga safnið. Stjórnin hittist tvisvar til þrisvar á ári til að fara yfir reksturinn og samþykkja

fjárhagsáætlun safnsins, auk annarra lögbodinna verkefna stjórnarinnar. Hlutverk stjórnarinnar verði sem sagt að megin uppi- stöðu fjármálalegt, ekki faglegt.

Þá leggur Daníel einnig til að stofnuð verði fagnefnd eða menningamálanefnd sem skipuð verði fimm aðilum sem hittist nokkrum sinnum á ári til að ræða starfsemi safna í bænum og móta framtíð-

arsýn safnanna. Jafnframt hefði nefndin það hlutverk að gefa forstöðumönnum þeirra faglega endurgjöf og ráðgjöf. Hugsanlega hefðu nágrannasveitarfélögin aðild að nefndinni. Þá hvetur bæjarstjóri til sjálfstæðis deildarstjóra þó með það í huga að starfsmenn ólíkra eininga geti flust á milli eins og verið hefur. „Það eykur sveigjanleika safna m.a. til að mæta álagspunktum og veikindum,“ segir í minnisblaðinu.

Bæjarráð hefur samþykkt að senda tillögur bæjarstjóra til stjórnar Bygðasafns Vestfjarða til umsagnar og er óskað eftir svari fyrir 20. júlí.

– thelma@bb.is

Vinna að þróun og framleiðslu hjólastóla

Eitt þeirra vestfirsku verkefna sem fékk styrk frá Iðnaðarráðuneytinu á dögum var þróun og framleiðsla á hjólastólum. Verkefnið, sem er hluti af iðnaðarklasa á Ísafirði, fékk fjögurra milljóna króna styrk. Að því standa bæði einstaklingar og fyrirtæki á Ísafirði. „Hér á Ísafirði hefur skapast mikil iðnaðarþekking í tengslum við sjávarútveg. Þessi styrkur er veittir í því augnamiði að finna leiðir til að nýta þessa þekkingu í annars konar framleiðslu,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, vélið- og vélfræðingur sem unnið hefur teikningar fyrir nýja gerð hjólastóla.

„Hönnunin miðast við að gera stól sem kemst betur yfir ójafnt og erfitt undirlag. Við teljum okkur vera með nýstárlega lausn á þessu máli og ánægjulegt að ráðuneytið sjái líka möguleika í þessari hönnun. Til Íslands eru fluttir hjólastólar fyrir hundruð milljóna króna á hverju ári og það væri ánægjuleg þróun að sjá þau verðmæti verða eftir í landinu á sama tíma og til verður þekking í framleiðslu sérhæfðs búnaðar fyrir heilbrigðisgeirann,“ segir Jóhann.

„Styrkurinn gerir okkur kleift að vinna í samstarfi Rannsóknarstofu í hreyfivísindum við Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðina að því að afla þekk-

ingar til framleiðslunnar. Við teljum að öll þekking sem til þarf sé til staðar á Ísafirði, en nú fáum við faglega aðstoð þessara stofnana til að draga þekkinguna fram og bæta við það sem upp á vantar,“ segir Jóhann.

„Við höfum trú á hönnuninni og teljum hana búa yfir miklum möguleikum. Það er hins vegar langur vegur frá hugmynd til framleiðslu en við erum nokkuð brattir um framhaldið. Það er mikið ferli framundan í hönnun, smíði og prófunum en vonir okkar standa til að varan verði komin á markað haustið 2012,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson. – kte@bb.is

Séra Agnes gefur aftur kost á sér

Séra Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi, er einn fjögurra presta sem skilað hafa inn meðmælabréfum fyrir kjör til Víglubiskups í Skálholti. Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu er hinir frambjóðendurnir sr. Kristján Valur Ingólfsson verkefnisstjóri helgisiða og prestur á Þingvöllum, Sigrún Óskarsdóttir prestur í Árbæjarkirkju og Jón Dalbú Hróbjartsson prófastur.

Sigrún Óskarsdóttir hlaut flest atkvæði í kosningunum sem fóru fram í mars, en eitt atkvæði skildi á milli Agnesar og Jóns Dalbú í fyrri umferð kosningarinnar. Séra Agnes kærði kosninguna þegar í ljós kom að tvö atkvæði voru pósthimpluð þremur dögum eftir að auglýstur skilafresti rann út. Í framhaldinu úrskurðaði yfirkjörstjórn kosninguna ógilda og kjörstjórn Þjóðkirkjunnar sagði af sér. – kte@bb.is

Kröfur upp á 275 milljónir í þrotabú Eyrarodda

Alls bárust 154 kröfur í þrotabú Eyrarodda hf., á Flateyri og er heildarfjárhæð krafanna rúmar 275 milljónir króna. „Þetta er allt að skýrast og 154 kröfulýsingar hafa verið lagðar fram en ekki eru allar kröfur samþykktar og veðkröfur eru ekki inni í þessari talningu,“ segir Friðbjörn E. Garðarsson, skiptastjóri þrotabúsins. Samþykktar kröfur nema rúmum 52 milljónum króna. Friðbjörn segir að vonir standi til að málin muni leysast í vikunni.

Héraðsdómur Vestfjarða úr-

skurðaði Eyrarodda gjaldþrota í janúar eftir að stjórn fyrirtækisins og umsjónarmaður nauðasamninga félagsins lögðu fram beiðni þess efnis fyrir dómara. Þá hafði stjórn Eyrarodda um tíma unnið að fjárhagslegri endurskipulagninu félagsins í samvinnu við kröfuhafa þess. Niðurstaða þeirra viðræðna var sú að nauðasamningur fyrir félagið var samþykktur en ekki tókst að útvega nægt fjármagn til að halda áfram rekstri og mæta áföllnum skuldbindingum.

– thelma@bb.is

Agi er lyklatríði

Nafn Guðjóns er kunnugt hverjum þeim sem eitthvað hefur fylgst með íslenskum fótbolta síðustu fjóra áratugina eða svo. Hann, og fjölskylda hans reyndar svo til öll, hefur lifað og hrærst í fótboltanum frá því að hann tók fyrstu skrefin inn á völlinn á Akranesi fyrir margt löngu. Guðjón er þekktur fyrir að halda uppi ströngum aga hjá leikmönnum sínum, sem virðist skila sér í góðum árangri. Íslenska karlandsliðið í fótbolta hefur til að mynda aldrei náð betri árangri en þegar Guðjón stóð þar í brúnni. Guðjón hefur þjálfað lið á borð við ÍA og KR, að Stoke City ógleymdu, og blaðamanni leikur því forvitni á að vita hvað laðaði hann að Bolungarvík.

Á blindu stefnumóti

Þegar blaðamann ber að garði í húsinu sem Guðjón hefur til leigu í Bolungarvík situr hann á spjalli við leigusalann, á milli þess sem hann hugar að grjónagratnum sem hann er að elda fyrir heimalingana, syni sína tvo og einn liðsmann BÍ/Bolungarvíkur, sem er í fæði hjá honum. Blaðamaður getur ekki á sér setið að forvitnast um reynslu hans af eldabuskulhnutverkinu. „Það vill svo til að maður er öllu vanur,“ svarar Guðjón og brosir út í annað.

Blaðamaður spyr þá hvernig það hafi komið til að hann hafi lagt leið sína alla leið til Bolungarvíkur eftir að hafa starfað á erlendum vettvangi og með liðum í toppbaráttunni.

„Ég var náttúrulega búinn að vera í flækingi. Ég var í Englandi í nokkur ár, kom heim og fór svo út aftur... Þetta er búið að vera svona með ýmsu sniði,“ segir Guðjón. „Ég ákvað að skoða hvernig staðan væri hérna heima. Mér stóð til boða að fara út að vinna aftur, bæði í Skotlandi og í Englandi. Ég var meira að segja að skoða möguleikana á að fara annað, til Norðurlandanna. Þegar þeir höfðu samband við mig í haust frá BÍ/Bolungarvík settist ég niður með þeim og skoðaði hvernig staðan var á þessu og ákvað að lokum að breyta til og prófa eitthvað nýtt. Og hér er ég,“ segir hann og brosir við.

Guðjón segist ekki hafa haft hugmynd um á hverju hann ætti von þegar vestur væri komið. „Ég hef enga tengingu vestur, þetta var bara svona blint stefnumót við framtíðina. Ég gerði mér nokkurn veginn grein fyrir því hvað biði mín hér og það hefur meira og minna gengið eftir,“ segir hann. „Þetta er náttúrulega

lítið samfélag. Og fótboltinn sem slíkur er hér í rauninni á frumstigi. Það er ýmislegt sem þarf að vinna ötullega að ef það á að koma einhverjum fótum undir þetta starf,“ segir Guðjón.

Áskorunin heillaði

Guðjón segir þá staðreynd hafa lokkað hann til Bolungarvíkur. „Það er kannski það sem var mest heillandi við þetta tilboð, hvað þetta er að mörgu leyti frumstætt. Ég sé það sem áskorun. En það eina sem ég get gert er að reyna að leiðbeina mönnum, sama hvort það eru leikmenn eða stjórnin. Þeir verða svo sjálfir að klára hlutina. Ég get bara bent á hvað má betur fara, en svo er alltaf matsatriði hvað mönnum finnst að eigi að gera úr því,“ útskýrir Guðjón.

„Þetta er eins og með leikmennina, maður getur bara leiðbeint þeim og reynt að kenna þeim, en þeir verða sjálfir að fara yfir hvítu línuna og framkvæma það. Það er oft þrautin þyngri. Það getur verið eins hjá þeim sem sjá um utanumhaldið, að það sé þrautin þyngri að koma hlutunum í framkvæmd. Það á við í þessu eins og í mörgu öðru, máltækið. „Það er auðveldara um að tala en í að komast,“ segir hann.

„Hér er kannski ekki að finna mikla þekkingu og reynslu á því hvernig á að búa til fótballið, hvað þá að halda utan um það,“ heldur hann áfram. „Það er líka eitt að geta búið til lið og allt annað að viðhalda því. Það reynist mörgum erfitt. Það er fullt af liðum sem ná á einhverjum tímamarki að vinna eitthvað. Við sjáum það víða í sögunni að menn geta dottið inn og unnið einhverja skammtímasigra, en ná ekki að vera stöðugir og sterkir í langan tíma. Margir halda að þetta sé auðvelt, að það sé bara hægt að klappa saman lófunum og verða góður í einhverju... En ef það væri svo einfalt væru allir rosalega góðir, og sú er nú ekki raunin,“ bætir hann við og brosir.

Ætlaði ekki endilega að þjálfra

Guðjón byrjaði sjálfur að sparka bolta á barnsaldri og arkaði fyrst inn á völlinn í keppnisbúningi ungur að árum. „Ég var reyndar á faraldsfæti með foreldrum mínum á yngstu árunum. Pabbi var sjómaður og skipsstjóri og við fórum á Siglufjörð flest sumur sem ég man eftir sem krakki. Síðasta sumarið vorum við á

Seyðisfirði. Maður var svo sem byrjaður í fótbolta þá þegar. Fyrsta sumarið mitt á Skaganum var í rauninni 1966. Þá byrjaði ég að keppa og síðan þá hefur ekki fallið út ár hjá mér. Það er orðinn langur tími,“ segir Guðjón frá.

Eftir að hafa spilað í meistara-flokki í 15 ár færði Guðjón sig yfir hliðarlínuna haustið 1986 og tók við sem þjálfari ÍA. Hann á því 25 ára starfsafmæli í haust. Aðspurður hvort hann hafi alltaf stefnt að því að bregða sér í hlutverk þjálfarans þegar hann skipti út af segir hann það síður en svo hafa legið beint við.

„Í sjálfu sér var ég ekkert að undirbúa mig undir það, það þróaðist bara í þá veru. Það gerðist á þeim tíma sem Englendingarnir voru að þjálfra á Skaganum að það vantaði einhvern til að sjá um vetrarþjálfunina. Ég tók það að mér tvo vetur. Þá fóru menn að velta því fyrir sér hvort það væri ekki alveg eins gott að láta mig halda þessu áfram og að fá þá til verksins. Árið 1986 voru einhverjar vangaveltur um hvað ætti að gera og það endaði með því að mér var boðið að taka þetta að mér, sem ég og gerði. Það má kannski segja sem svo að það hafi verið ákveðinn vendingpunktur í lífi mínu, almennt,“ segir Guðjón. „Þá fyrst fór ég að starfa við það sem hafði að stærstum hluta verið áhugamálið mitt þangað til. Það breytist margt við það, þegar þetta verður það sem setur mat á diskinn þinn,“ bætir hann við, en Guðjón er lærður rafvirki og vann við það samhliða spilamennskunni.

Reynslan skiptir sköpum

Guðjón segir það allt annað en sjálfgefið að góðir fótballtálmenn verði góðir þjálfarar. „Það er engin samsvörun þar á milli. Hinsvegar hlýtur það að koma manni til góða á einhverjum tímamarki að vita lengra en nefnans nær. Eins og með allt annað er þetta ákveðin reynsla. Og lífið er þannig að maður þarf oft að sækja í reynslubankann,“ segir Guðjón. „Ég held að það hljóti að vera betra að menn sem hafa tekið þátt í leiknum verði stjórnendur, það er miklu þekktara en að menn sem hafa engan bakgrunn komi inn í þau störf. Þeir eiga erfðara með að fóta sig,“ bætir hann við.

Hann segir að ekki þurfi að líta lengi í kringum sig til að sannreyna þetta. „Maður sér það bara hér á Íslandi, að toppþjálfararnir í fótbolta, handbolta og



körfulbolta eru menn sem hafa reynslu. Þeir sem ná oft á tíðum hvað lengst eru menn með mikla reynslu. Besta dæmið er Alfreð Gíslason í handboltanum. Hann er einn af toppþjálfurum á heimsvísu. Hann hefur alveg svakalegan reynslubanka. Reynslan er mjög mikilvæg og eitthvað sem ekki fæst keypt. Það er alveg sama hvað maður les marga doðranta um sálfræði og leikfræði og alls konar uppákomur, það jafnast ekki á við reynsluna,“ segir Guðjón.

„Fyrir nokkum árum var ég á kúrs fyrir HM, þar sem við vorum að tala um leikgreiningu, tölvukerfin og allt þetta sem búið er að innleiða sem hjálpartæki fyrir þjálfara. Ég man alltaf það sem einn ágætis kunningi minn, sem var landsliðsþjálfari Dana, sagði þá: „Það er engin tölva sem hjálpar mér að taka ákvörðun þegar ég stend á hliðarlínunni og þarf að bregðast við einhverju úti á velli. Þá get ég ekki slegið inn í

eitthvað forrit og beðið um niðurstöðu. Þá er það bara tilfinningin og sú tenging sem ég hef við leikinn sem stýrir því hvaða ákvörðun ég tek.“,“ segir Guðjón.

Reynir að búa til sigurvegara

Guðjón hefur löngum verið þekktur í fótboltaheiminum fyrir að halda uppi miklum aga meðal liðsmanna sinna. Hann segir hann skipta gríðarlega miklu máli, sé ætlunin að ná árangri. Þá er ýmislegt sem breytist þegar fyrrum leikmaður tekur sér stöðu við hliðarlínuna og skiptir yfir í hlutverk þjálfara.

„Það er í rauninni gjörsamlega önnur nálgun, annað hlutverk. Ég þarf í rauninni að vera eins konar regnhlíf yfir þetta allt. Ég þarf að vera skjól fyrir leikmennina mína, en ég þarf líka að veita þeim aðhald. Nálgunin er svolítið meitluð. Maður ætlar sér ákveðna



hluti og keyrir á ákveðinni sálfræði. Maður leggur líka upp með ákveðin vinnubrögð sem maður ætlast til þess að liðið tileinki sér. Þjálfarinn verður að leggja línurnar og bera faglega ábyrgð. Það skiptir öllu máli að skilaboðin séu einföld og skýr, þannig að leikmennirnir velkist ekkert í vafa um hvað er verið að biðja um," segir Guðjón. „Maður er bara að reyna að búa til sigurvegara, búa til menn sem leggja mikið á sig til að ná sigri,“ bætir hann við.

Og með það markmið fyrir augum má vera ljóst að kröfurnar eru miklar. Koma Guðjóns til BÍ/Bolungarvíkur markaði ákveðin tímamót, þar sem hann gerði strangari kröfur til leikmanna en áður hafði verið. Ekki voru allir tilbúnir til þess að verða við þeim kröfum, að hans eigin sögn, og því urðu umtalsverðar breytingar á liðinu.

Agi er lykilatriði

Guðjón er þess hins vegar fullviss að agi og miklar kröfur séu lykilatriði hvað varðar árangur, þó að þeim aga þurfi ekki alltaf að vera framfylgt með hamagangi.

„Ef maður ætlar að vera stjórnandi þarf maður að hafa þau öll elementin og ráða við fleiri en einn þátt - bæði geta verið strangur en líka „Mr. Nice Guy“, eins og Bretinn segir,“ útskýrir Guðjón. „Stundum, og oftast en ekki, verðurðu að vera góður. Bretinn er með máltæki: „You can't keep beating the dog with the stick, but the dog's got to know that the stick is still there.“ Það er svolítið mikið til í því. Oft heldur fólk samt að þetta sé gert af hörku og hamagangi, en í níu af hverjum tíu tilfellum ferðu mjúka en ákveðna leið til að koma þínu í gegn,“ segir hann.

„Agi er þó upphaf árangurs, það liggur alveg ljóst fyrir,“ heldur hann áfram. Englendingarnir segja líka: „You are not defeated

until you accept defeat“. Það er svolítið góð setning - þú ert ekki sigraður fyrr en þú sættir þig við ósigurinn,“ segir Guðjón, sem er viss um að ef leikmenn hans tileinka sér þau vinnubrögð sem hann gerir kröfur um muni það gagnast þeim á fleiru en einu sviði.

„Ég segi oft að það er ekki víst að ég geri alla að betri fótboltamönnum, en ef þeir tileinka sér það sem maður vinnur út frá mun það hjálpa þeim í lífinu, alveg sama hvort það er í vinnu eða nám. Þessi aðferðafræði er þannig að menn munu bæta sig, en svo er undir sjálfum þeim komið, og þeirra innra upplagi, hversu mikið þeir bæta sig,“ útskýrir Guðjón.

„Ég hef oft séð stráka sem eru kannski tiltölulega hæfileikalitlir, en hafa stórt hjarta og mikinn vilja, stíga fram fyrir þá sem voru miklum mun hæfileikaríkar. Oftast en ekki er það þannig að sá sem er mjög hæfileikaríkur og

hefur verið hossað mikið og hrósað í æsku og á unglingsárum, lendir í vandræðum þegar harkan tekur við, þegar það er harðari agi og meira vinnuframlags er krafist. Hann kann ekki leggja inn fyrir því, því hann hefur ekki þurft að vinna. Það er mikill munur á því að vera ungur og efnilegur og að verða farsæll og góður leikmaður. Það er eins í þessu og öllum öðrum störfum. Þeir eru ekki alltaf bestu lögfræðingarnir eða lækarnir sem fá hæst á prófinu,“ segir Guðjón og brosir út í annað.

Samstarfið erfiðara fyrir strákana

Guðjón er ekki alveg einn síns liðs í Bolungarvík, því tveir af fimm sonum hans dveljast þar með honum. Atli Guðjónsson leikur með liðinu, en Tjörvi er í sumarvinnu við byggingu snjóflóðavarnargarða í fjallshlíðinni.

„Þetta var svona sumarferðalagið okkar feðganna. Það gengur vel og það er gaman að vera hérna saman, þetta er náttúrulega nýtt fyrir strákana líka,“ segir Guðjón. „Þeir hafa ekki komið í svona lítið samfélag áður. Við erum reyndar fæddir og aldrið upp á Skaganum, sem er lítið samfélag líka, en það er þó mun stærra en Bolungarvík. Og auðvitað miklu nær borg óttans. Svo bjuggum við náttúrulega úti í Englandi í nokkur ár, svo þeir hafa séð sitt af hverju eins og fjölskyldan öll,“ bætir hann við.

Synir Guðjóns hafa allir spreytt sig á fótboltanum og flestir haldið áfram eftir að starfi yngri flokka sleppir. „Sá yngsti hélt reyndar ekki áfram eftir það. Hinir fóru allir í boltann og þeir urðu atvinnumenn,“ segir Guðjón, sem hefur þjálfað alla syni sína á einhverjum tímum. Hann segist halda að það reynist drengjunum erfiðara en honum sjálfum, aðspurður um hvernig það sé að

þjálfra syni sína.

„Ég held að það sé miklu erfið-ara fyrir strákana því þeir losna aldrei við mann! Hinir strákarnir í liðinu fara af æfingu og eru lausir við kallinn. Þeir geta verið fúlir á móti og blótað manni smá og svona, en þessir ræflar sitja meira og minna uppi með mann,“ segir hann og brosir við. „En ég reyni nú að gera greinarmun á þessu tvenu, að heimilislífið og heimilishaldið snúist um önnur grundvallaratriði en fótbolta- starfið. En það hefur nú oft verið þannig að maður hefur tekið til- finningarnar með sér inn á heim- ilið þegar mikið gengur á. Það er bara hluti af þessu, hluti af ástríðu leiksins. Þegar manni er ekki sama um það hvernig hlutirnir ganga sveiflast skapið náttúru- lega alltaf eitthvað,“ bætir hann við.

Margt þarf að gerast í Bolungarvík

Talið berst að framtíðarsýn Guðjóns fyrir hönd BÍ/Bolungar- víkur. „Það sem ég er að gera mér vonir um er að búa eitthvað til sem getur lifað af,“ segir Guðjón, sem segir þó mjög margt þurfa að gerast til þess að sá draumur hans geti orðið að veru- leika.

„Fyrst og fremst þarf að bæta aðstöðuna. Ef menn ætla að fara eitthvað lengra með þetta þarf það að gerast, það er alveg ljóst. Ef við höfum ekki aðstöðu til að æfa getum við aldrei bætt okkur og þróað okkur,“ segir hann með áherslu. „Keppnisaðstaðan þarf líka að batna. Ef það á að skapa gott andrúmsloft og góða um- gjörð þarf að bæta hana. Það er algjört grundvallaratriði. Þetta er bara eins og að byggja grunn að húsi - við færum ekki hérna niður í fjöru og reistum hús á sandinum. Það hús myndi fljótt skolast í burtu og það er alveg eins með þetta. Undirstöðurnar verða að vera sterkar. Spurningin er bara hvort það sé vilji og áhugi til þess að byggja þær, og það þarf að láta það þarf að reyna á það. Það er í þessu eins og öllu öðru; það skiptir ekki máli hvað menn segja heldur hvað þeir gera,“ segir Guðjón.

Er hann þá bjartsýnn á að þær breytingar muni eiga sér stað? „Ég tel mig nú ekki vera neinn


bjartsýnismann. Ég veit að bjart- sýni er voða létt í vasa og hefur oft farið illa með menn. Ég er hins vegar raunsæismaður og ég get sagt það svona eftir fyrstu vikurnar að hér verður margt að breytast, bæði innanvallar og utanvallar. Þetta gengur í báðar áttir,“ segir Guðjón, sem er hins vegar ánægður með stjórn félags- ins. „Hún er að vinna mjög óeig- ingjarnt starf, skipað mjög já- kvæðum og öflugum mönnum. Styrktarfélagar félagsins eru líka mjög öflugir og láta gott af sér leiða. En það sem við þurfum kannski fyrst og fremst er að samfélagið geri upp við sig hvort það vilji eiga fótboltalið,“ segir hann.

En finnur hann þá fyrir meðbyr og áhuga meðal bæjarbúa? „Ég er nú ekki alveg rétti maðurinn til að spyrja um það, því ég hef sáralitlar tengingar inn í þetta samfélag. Ég er hálfpartinn eins og geimvera á köflum hérna,“ segir Guðjón og hlær við. „Ég held samt að það sé passlegur áhugi, en ég held líka að það sé eiginlega ekki hægt að dæma um það af þessu vori, það hefur nú verið eitt það kaldasta sem maður hefur nokkurn tíma lifað. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk streymi á völlinn,“ segir hann og brosir.

Vill sjá uppskeruna

Guðjón segist sjálfur líta svo á að hann sé nú að reyna að sá fræjum velgengni með liðinu. „Svo er að sjá hvort þau ná ekki að skjóta rótum,“ segir hann. Blaðamaður innir hann eftir framtíðaráformum, hvort hann reikni með því að snúa aftur til Bolungarvíkur á næstu leiktíð.

„Ég geri fastlega ráð fyrir því. Þessi vinna sem við erum að byrja á er ekki gerð til þess að vera hér bara eitt ár og ekki hafin með það að markmiði. Það tekur lengri tíma en svo að byggja eitthvað upp. Það er eins með leikmenn- ina. Ég fór eins langt með marga þeirra í vetur og hægt var. Svo er það næsti vetur - þá verður hægt að byggja ofan á það og bæta við. Á öðru ári fer maður að sjá meiri framför og þróun,“ útskýrir Guðjón. „Margir halda að það sé hægt að gera einhver krafta- verk á nokkrum mánuðum, en maður sér ekki fyrr en maður er kominn vel inn á annað ár hvort



málin eru að þróast í rétta átt,“ ítrekar hann.

Hann er hins vegar vongóður um að svo verði og segist strax sjá að nýjar áherslur skili sér áfram niður í yngri flokkana. „Þessar nýju forsendur gera að verkum að yngri strákarnir sjá að hverju þeir geta stefnt. Skýrar línur um hvers er krafist og hvað er hægt að gera ef þeim kröfum er mætt hvetja þá til dáða. Þeir eru tilbúnir að leggja eitthvað á sig til að komast í meistaraflokk,“ útskýrir Guðjón, sem segist þegar hafa komið auga á nokkra hæfi- leikaríka drengi í yngri flokkum.

Starfsgrundvöllur þjálfara er annars ansi óruggur, þar sem ekki þarf alltaf mikið út af bera svo að menn missi starfið. „Þessi heimur er bara þannig. Hann er ófyrirleitinn að mörgu leyti. Það er svo sem ekkert elsku mamma í þessu, en ég er nú ósköp rólegur yfir því. Ég kippi mér ekkert upp við hvað sem er, þeir dagar eru löngu liðnir,“ segir Guðjón og brosir við.

„Það er ekki langt síðan að sá fyrsti fauk á þessari leiktíð, ungur strákur sem er rétt að byrja. Það

eiga sjálfsgat einhverjir fleiri eftir að fjúka. Þetta er náttúrulega ekkert starfsöryggi. Og þar sem ég þekki vel til, í Englandi, eru menn látnir fjúka út af ýmsum ástæðum - oft og tíðum eru for- sendurnar mjög beyglaðar og bognar. Í Skandinavíu er hins vegar oft unnið þannig að það er búin til stefna stjórnar og svo eru menn fengnir inn til þess að fram- fylgja þeirri stefnu. Þó árangur- inn náist ekki á fyrsta eða öðru ári horfa menn samt á það að þeir séu vinna eftir einhverri stefnu- mótun sem er að fara þá í rétta átt. Það er allur gangur á þessu hérna á Íslandi, en maður sér að þeir sem hafa náð að skapa stöðugleika hafa yfirleitt líka náð langt,“ segir Guðjón.

Nýtur sín á golfvöllinum

En hvernig leggst lífið í Bol- ungarvík þá í hann? „Þetta er mjög svipað því sem ég bjóst við,“ segir Guðjón. „Maður er svo sem vanur því að hafa ofan af fyrir sjálfum sér og ég þarf enga sérstaka aðstoð við það,“

segir hann og brosir. „En það er líka ákveðin kúnt að lifa með sjálfum sér...“ bætir hann við. „Ég er í rauninni að vinna andfé- lagslega vinnutíma, sem þýðir að minn tími er fyrir utan vinnu- tíma venjulegs fólks. Ég er þess vegna svo sem ekkert að sósális- era mikið með öðrum meðlimum samfélagsins, en ég átti heldur ekkert frekar von á því. Einhverja hitti ég hins vegar á golfvöllin- um,“ segir Guðjón, sem segist leggja töluverða rækt við það áhugamál sitt.

„Golfið er skemmtilegt og maður nær skemmtilegum teng- ingum þar. Það góða við það er að þetta er svona virk hvíld, gott fyrir sál og líkama, þó að golfið sé ekkert átakasport þannig séð,“ segir hann. „Það er svona helsta áhugamálið. Ég fer heldur ekkert langt, því ég hef í mesta lagi einn frídag í viku. Nú hlakka ég hins vegar bara til þess að fá hitastigið aðeins upp á við, svo maður geti farið að njóta þess betur að vera úti í deginum,“ segir hann að lok- um, áður en hann snýr sér aftur að grautnum.

– Sunna Dís Másdóttir.



Erlinda Soon Calderon
Brimnesvegi 20, Flateyri

lést 16. júní síðastliðinn. Eiginmaður, börn, tengdabörn og barnabörn vilja þakka starfsfólki FSÍ fyrir alúðlega umönnun hennar síðustu mánuði. Einnig eru færðar kærar þakkir til allra sem auðsýnt hafa fjölskyldunni samúð og veitt styrk og stuðning.

Florencio Barita Calderon og fjölskylda.

Fornleifarannsóknir á láði og legi

Þrátt fyrir töluverðan niðurskurð í framlögum til fornleifarannsóknna undanfarin tvö ár hefur ekki þurft að leggja niður þær rannsóknir sem stundaðar hafa verið á Vestfjörðum. „Það er mjög ánægjulegt að tekist hafi að halda verkefnum áfram gangandi. Framlög til rannsóknanna hafa vissulega verið skorin niður og umsvif rannsókna sjálfsgagt um helmingur af því sem áður var, en engu að síður hefur tekist að halda öllum rannsóknum gangandi,“ segir Ragnar Edvardsson, fyrrum minjavörður á Vestfjörðum.

„Helstu verkefni er áframhald á uppgreftinum í Vatnsfirði sem hófst árið 2003. Á síðasta ári

lauk þar grefti á byggðinni frá víkingaöld og nú er verið að grafa í Bæjarhólinn. Þar eru næg verkefni til framtíðar og vonandi halda þessar rannsóknir áfram. Adolf Friðriksson fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands verður með rannsóknir á sunnanverðum Vestfjörðum í tengslum við kumla rannsóknir sínar, en hann var meðal þeirra sem gróf upp kuml frá víkingaöld í Hringdal í Arnarfirði vorið 2008. Áframhald verður á rannsóknum á minjum tengdum erlendum hvalveiðimönnum á Ströndum á vegum Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Stranda-galdurs og Náttúrustofu Vestfjarða. Á Ströndum verður einnig

gerð rannsókn á síldarvinnslunni á Dalvík. Þá mun fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða sinna fornleifarannsóknum í tengslum við framkvæmdir sem þurfa að fara í umhverfismat,“ segir Ragnar.

Sjálfur stendur Ragnar fyrir umsvifamikilli rannsókn á fornleifum neðansjávar við Vestfirði. „Þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem við byrjuðum á síðasta sumar og fyrstu niðurstöður lofa góðu um framhaldið.“ Ragnar hefur m.a. rannsakað póstskipið Phönix sem fórst við Löngufjörur á Snæfellsnesi í aftakaveðri 1881, en rannsóknin er stærsta neðansjávarannsókn í fornleifafræði sem ráðist hefur verið í á Íslandi.

„Sú rannsókn heldur áfram í sumar,“ segir Ragnar.

„Það er lítil sem engin hefð fyrir neðansjávarannsóknum hér á landi. Viðhorf Íslendinga hefur verið að ef eitthvað hefur farið í sjóinn þá sé það horfið um aldur og ævi, en þetta er mikill miskilningur því minjar í sjó varðveitast oft betur en minjar á landi. Til að mynda er minna um rask af mannavöldum neðansjávar. Rannsóknin felst í að kortleggja hafsvæðið umhverfis helstu verslunarstaði og hvalstöðvar á Vestfjörðum. Við erum ekki endilega að leita af skipsflökum heldur fornminjum almennt. Niðurstæða fyrstu athuganna er sú að mikið magn minja er á þessum

stöðum og á nokkrum stöðum eru skipsflök sem að öllum líkindum eru eldri en frá 1850,“ segir Ragnar.

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að timburskip geti varðveist svo lengi neðansjávar en Ragnar segir slíkt ekki óvanalegt. „Þetta fer allt eftir því hvar skipin lenda. Ef þau sökkva fyrir opnu hafi þá varðveitast þau ekki. En ef þau sökkva á skjólgóðum stöðum þá grafast þau í set og geta varðveist mjög vel. Að vísu er þá erfiðara að finna þau, en það vill svo til að verslunarstaðir voru flestir við lygnar náttúrulegar hafnir og því teljum við góðar líkur á því að finna vel varðveittar minjar á þessum stöðum,“ segir Ragnar.

Hvítabjörninn var ríflega þriggja ára

Hvítabjörninn sem felldur var í Rekavík á Hornströndum í byrjun maí var ríflega þriggja ára birna. Þetta kom fram í rannsóknunum sem gerðar voru á Tilraunastöðinni á Keldum. Aldursgreiningin byggir á talningu ár-

hringja á tannrótum en hún sýndi að birnan var við það að verða kynþroska en einungis 95 kílóa þung og 173 cm löng. Í fréttatilkynningu kemur fram að birnan er talin hafa lotið forsjar móður fram á seinni hluta vetrar 2010

en eftir það hafi hún þurft að finna fótum sínum forráð ein og óstudd. Gróflega áætlað nam fituforði birnunnar ekki nema um 5% af líkamsþyngd og er þessi forði talinn óeðlilega lítil sé miðað við árstímann þegar hvíta-

birnir verða hvað feittast sé litið til ársins alls, hafi þeir náð að nærast eðlilega.

Birnan hafði ekki næst áður en hún var felld en nokkrar gráleitar vængfjadrir, væntanlega úr fyl, fundust í maga og nokkrar bringufjadrir af svartfugli fundust aftast í meltingarveginum. Þessi niðurstæða bendir til þess að birnan hafi ekki verið alveg nýkomin í land, heldur verið búin að narta í drasl sem varð á vegi hennar en vængir viðfestir brjóstbeinagrindum löngu dauðra fugla varðveitast um langa hríð á fjörum. Nokkur mosablöð og blað af krækilyngi í maga eru talin

hafa slæðst ofan í birnuna þegar þorsta var svalað uppi á landi.

Hvítabjörninn var skotinn úr þyrllu Landhelgisgæslunnar tæpum sex klukkustundum eftir að hann sást fyrst á vappi í fjörinni í Hælavík. Björninn var fluttur samdægurs til Reykjavíkur og afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands sem fór þess á leit við Karl Skírnisson, dýrafræðing á Tilraunastöðinni á Keldum að sjá um rannsóknir á dýrinu. Athuganir hófust samdægurs en krufning var gerð daginn eftir og var hún gerð í samvinnu við Ólöfu Guðrúnu Sigurðardóttur, og Þorvald Björnsson.

Harðbrynjunarverk-smiðja á Ísafirði?

Fyrirtækið Fossadalur á Ísafirði, sem framleiðir Einarsson fluguveiðihjólín fékk fimm milljóna króna styrk frá Iðnaðarráðuneytinu ásamt Rafskauti ehf., á Ísafirði. Styrkurinn var veittur til verkefnisins Iðnaðarklasi á Ísafirði sem Fossadalur fer fyrir. „Þetta er samstarfsverkefni okkar og Rafskauts auk þess sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur að því sem faglegur ráðgjafi. Markmiðið er að afla iðnþekkingar á svokallaðri harðbrynjun og gera athugun á því hvort grundvöllur sé til þess að reisa harðbrynjunarverksmiðju hér á Ísafirði,“ segir Jón Páll Hreinsson markaðsstjóri Fossadals.

„Harðbrynjun er ákveðin tegund rafhúðunar sem beitt er á ál og aðra málma til að styrkja og vernda þá. Fossadalur framleiðir fluguveiðihjól sín úr áli og lokahnykkurinn í framleiðslunni er að harðbrynja málminn. Til þess höfum við þurft að senda hjólin til Danmerkur og þaðan aftur heim. Þetta er bæði dýrt og tímafrekt og því höfum við athugun á því hvaða þyrfti til svo hægt væri að gera þetta hér heima. Samstarf

okkar með bæði Rafskauti og Nýsköpunarmiðstöðinni hefur gengið afar vel, og það er skemmt frá því að segja að því betur sem við skoðuðum málið því sannfærðari urðum við að í þessu gætu legið tækifæri, bæði fyrir okkar framleiðslu og aðra iðnaðarframleiðslu hér á landi,“ segir Jón Páll.

„Það er vissulega gleðilegt að iðnaðar- og sjávarútvegsráðherra skuli einnig hafa trú á verkefninu og styrkurinn gerir okkur kleift að stíga fyrsta skrefið í átt að þessari framleiðslu,“ segir Jón Páll sem tekur þó fram að enn sé nokkuð í að harðbrynjunarverk-smiðja risi á Ísafirði. „Þessi þekking er ekki til staðar á Íslandi og fyrsta skrefið er að afla þekkingar á aðferðinni, tækjabúnaði og framleiðslunni. Að þessu munum við vinna í vetur og næsta sumar verðum við í aðstöðu til þess að meta hvort grundvöllur sé til þess að fjárfesta í verksmiðju,“ segir Jón Páll og bætir við að verkefnið sé mjög spennandi. „Þetta er verkefni sem hefur mikla möguleika í ljósi þess hve öflugan iðnað við höfum hér á landi í

framleiðslu á álvörum. Ég get t.d. nefnt fyrirtæki á borð við Össur, Marel og 3X Technology sem gætu notið góðs af því ef harðbrynjunarverk-smiðja risi hér á landi.“

Jón Páll segir jafnframt að ánægjulegt hafi verið að sjá hve mörg vestfirsk verkefni hafi hlotið styrk frá ráðuneytinu að þessu sinni. „Ég sé að um þriðjungur úthlutunarinnar er til verkefna á Vestfjörðum og þar af er fjögur verkefni sem snúa að iðnaðarframleiðslu. Þetta er til marks um að hið góða starf sem innt hefur verið að hendi í klasaverkefnum hér á svæðinu og notið hafa stuðnings frá Vaxtar-samningi Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöð, Impru, Rannís og fleirum. Það hefði sjálfsgagt engan dreymt um að hér gæti hafist framleiðsla á fluguveiðihjólum fyrir tíu árum eða framleiðsla á hjólastólum. En þetta sýnir hvað stuðningur við nýsköpun getur fengið áorkað og vonandi höldum við áfram á þessari braut,“ segir Jón Páll Hreinsson, markaðsstjóri Fossadals.

– kte@bb.is



VESTURBYGGÐ

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar

Lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna fyrir byggð undir Klifi, er til sýnis á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði og á heimasíðu Vesturbyggðar á vefslóðinni www.vesturbyggd.is.

Þeim sem áhuga hafa er hér með gefinn kostur á að kynna sér tillöguna.

Bæjarstjórinn í Vesturbyggð.

Vinalög í Ísa-fjarðarkirkju

Söngvararnir Friðrik Ómar og Jógvan Hansen halda tónleika í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 17. júlí. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferðalagi þeirra félaga hringinn í kringum landið. Á tónleikumunum flytja þeir lög af plötunni Vinalög auk ýmissa laga sem eru í upphaldi hjá þeim.

Platan Vinalög var söluhæsta plata ársins 2009 en á henni syngja þeir félagar hvor um sig 10 sérvalin lög frá vanaþjóðunum Íslendingum og Færeyjum. Á plötunni syngur Friðrik Ómar vinsæl dægurlög Færeyinga við íslenska texta en Jógvan syngur færeyska texta við íslensk lög.

Tónleikarnir í Ísafjarðarkirkju hefjast klukkan 20. Miðar eru seldir við inngang og er miðaverð 2000 krónur.



SAMVERK
GLERVERKSMÍÐJA

SPEGLAR
ЗБЕГЛЯВ

Framleiðum spegla eftir málum.

www.samverk.is
samverk@samverk.is

Skólinn er til-raunavettvangur

Ísfirðingurinn Halldór Smáason er einn þeirra þriggja ungu og upprennandi tónskálda sem valin voru til að semja verk fyrir tónlistarhátíðina Við Djúpið, sem haldin er í nýfunda sinn nú í sumar. Halldór er Ísfirðingur eflaust vel kunnur, enda fæddur og uppalinn hér - að miklu leyti innan veggja tónlistarskólans.

Fékk ekki að hætta

Halldór er sonur Smára Haraldssonar, fyrrverandi bæjarstjóra og framhaldsskólakennara og Helgu Friðriksdóttur.

„Mamma er frá Reykjavík, en hún flutti vestur með pabba þegar þau voru á mínum aldri, svo það má held ég alveg segja að hún sé orðin Ísfirðingur núna,“ segir Halldór og brosir við. „Pabbi er ættaður frá Grunnavík í Jökulfjörðum, svo ég hef alltaf verið svolítið tengdur þeim stað. Ég mætti reyndar alveg vera duglegri við að ferðast þangað, en hef þó nokkrum sinnum farið. Maður reynir að halda þessum tengslum við - þetta er svo sérstakur staður,“ segir hann.

Halldór byrjaði sjö ára gamall að læra á píanó, þó ekki að eigin frumkvæði. „Mér leist í fyrstu ekkert á að læra á píanó, en foreldrar mínir hvöttu mig til þess. Bæði eldri systkin mín höfðu lært á hljóðfæri og eins er mikil tónlist í föðurætt minni svo ekkert annað

kom til greina. Eftir fyrsta tímann var ég svo alveg heillaður og datt ekki í hug að hætta. Það var einna helst þáverandi kennari minn, Björk Sigurðardóttir, sem kveikti algjörlega píanóeistann í mér. Haustið eftir tók Sigríður Ragnarsdóttir við kennslunni og kenndi mér flest sem ég kundi þar til ég lauk framhaldsprófi. Ég á þeim ótrúlega margt að þakka. Auðvitað komu síðan tímar, lægðir og leiðindi, þar sem ég nenni þessu engan veginn lengur. Það var einna helst þegar maður glímdi við mjög erfið verk og ekkert gekk að æfa sig. En ég fékk alltaf gríðarlega hvatningu frá foreldrum mínum, sem er aðalástæðan fyrir því að ég entist svona lengi í píanóáminu. Mér var ekki leyft að hætta - átti að minnsta kosti að klára önnina fyrst, og svo árið og sjá svo til. Svo var ég auðvitað búinn að gleyma því næsta haust að ég hafi hugsað mér að hætta,“ segir hann og hlær við. „Ég sé síður en svo eftir því að hafa haldið áfram. Maður þarf að komast yfir einhvern ákveðinn þröskuld og þá sér maður hvað þetta er geðveikt og að það er þess virði að hafa eytt svona miklum tíma og erfiði í þetta. Það er bara frábært að hafa verið svona heppinn, og fengið tækifæri til að læra tónlist,“ bætir hann við.

Klassískt nám skortir fjölbreytni

Þegar fjölskylda Halldórs fluttist til Skotlands í hálf ták tónlistarhuginn nýja stefnu. „Ég hætti að læra á klassískt píanó í þennan tíma. Í staðinn var keypt lítið hljómborð fyrir mig. Þá byrjaði ég að spila eftir eyranu og þróaði það síðan áfram. Það var fyrsta skrefið mitt út fyrir klassíska rammann. Það gerðist alls ekki sjálfkrafa að ég fór að pæla í djassi og öðru en klassík, heldur hafði þetta mjög mikil áhrif - að fara í annað umhverfi og prófa eitthvað annað og meira,“ segir Halldór.

Vantar þá meiri fjölbreytni í klassískt tónlistarnám? „Já, að mínu mati. Þetta er tiltölulega fast í skorðum ennþá, þó námskráin sé búin að færast í betra horf á síðustu árum. Einhver sagði mér að fyrir nokkrum áratugum hefði bara verið slegið á puttana á krökkum ef þau fóru eitthvað aðeins út fyrir nóturnar. Nú er farið að hvetja krakka til þess að vera kannski með eitt frumsamið lag í stigsprófum, en ég held að sköpun af þessum toga sé bæði nemendum og kennurum þeirra mjög holl,“ segir Halldór, og bætir við að meira mætti sjást af þess háttar viðhorfum.

„Sigga Ragnars var samt mjög hvetjandi þegar ég var farinn að leika mér að djassi og öðru. Hún var mjög ánægð með það,“ segir Halldór og hlær við þegar blaða-



maður spyr hvort hún hafi sem sagt ekki slegið á puttana. „Nei. Enda fékk hún mig síðan til að halda lítil námskeið innan skólans í spunatónlist og að spila eftir eyra. Það var mjög skemmtileg reynsla þar sem ég kenndi nokkrum nemendum og kennurum við skólann það helsta sem hafa þarf í huga þegar maður hefur fáar eða engar nótur til að styðjast við,“ bætir hann við.

Sótti líka um í stærðfræði

Halldór hóf nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands haustið 2009. Það lá þó ekki endilega

Kirkjan og brotin

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ófæð er það svo að öllum finnast kynferðisbrot óhugnanleg, sérstaklega gegn börnum. Umræða um slík brot er sem betur fer komin upp á yfirborðið, en hún er engu að síður erfið og sumum hættir til að taka hana í upphrópunarstíl. Það er skiljanlegt en leysir ekki þann mikla vanda sem blasir við. Í réttarríki sem virðir meginreglur réttarfars, um réttláta meðferð sakaðra manna líkt og kveðið er á um í mannréttindasáttmálum, þar á meðal þeim sem kenndur er við Evrópu, er nauðsynlegt að fara að lögum. Þess verður vart að margir telja eða mörgum finnst að kynferðisbrotamenn eigi sér engan rétt og þá megi meðhöndla eins og dæmda menn frá því grunur verður til. Er það hin rétta aðferð í réttarríkjum?

Flestir geta svarað þessari spurningu sjálfir og eiga ekki í vandræðum með, en margir telja hins vegar að þegar kemur að hinum viðkvæma málaflökki kynferðisbrotum þá komi vel til greina að víkja lögum til hliðar til að ná til þessara brotamanna. Kannski er skynsamlegt að um þessi brot gildi strangari reglur en önnur. Segjum að svo eigi að vera, þá er í mörg horn að líta. Vissulega eru kynferðisbrot ólíðandi og viðurstygileg einkum þegar börn eiga í hlut. Til þurfa að vera skýrar lagareglur sem samrýmast stjórnskrá og mannréttindasáttmálum. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Það er ekki nóg að brot séu ógeðfæld, þau verður að meðhöndla með skýrum hætti og það verður að vera í gagnsæju og skiljanlegu lagaumhverfi. Reyndar eru mjög mörg brot af öðrum toga líka ógeðfæld.

Mikil umræða hefur farið fram um kynferðisbrot innnan kirkjunnar, einkum þjóðkirkjunnar og sýnist þar sitt hverjum. En auk þess að mál af þessum toga séu einkar vandmeðfarin má ekki gleyma, að þegar fjallað er um látna menn þarf að fara með mikilli og sérstakri gát. Þeir geta ekki verið æru sína og núverandi stjórnendur þjóðkirkjunnar eiga erfitt með að tjá sig. Það hefur verið túlkað á þann veg að þeir breiði yfir ósómamann. Svo hefur ekki verið. Kirkjan hefur sett á fót nefnd manna til að skoða þessi mál. Við bætist, ef marka má fréttir, að málin hafi gerst fyrir all löngu. Að fara varlega og gæta skrefa sinna hefur verið túlkað svo að þjóðkirkjan ætli ekkert að gera.

Þrátt fyrir að þjóðkirkjan sé gagnrýnd fyrir að taka ekki málum verður að horfast í augu við tvær staðreyndir. Hún hefur sýnt vilja og beðið afsökunar sem í sumum tilvikum þykir ekki nóg. En allir eru settir undir þann hatt um þessar mundir, að hrópi þeir ekki á torgum um illsku kirkjunnar þjóna í þessum efnunum þá séu þeir að styðja við afbrot og leynd þeim. Þjóðkirkjunni er vandi á höndum og út úr þeim vanda vill hún vinna sig þó margir séu þeir sem vilja halda því fram að hún ætli að fela brot starfsmanna sinna. Því verður ekki trúað, en aðstaðan er ekki auðveld.

Þjóðkirkjan á erfiða vegferð fyrir höndum. Henni er óskað velferðar á þeirri leið. Ef vel tekst til verður hún lærdómsrík og til eftirbreytni. Takist illa til eru góð ráð dýr.



beint við að leið hans lægi þangað.

„Þetta var hálfskráttin leið hjá mér,“ segir Halldór og brosir. „Ég var búinn að stefna að því lengi að klára stúdentinn og framhaldsprófið í píanóinu, það var það sem ég gat klárað fyrir vestan. Þegar það tókst hafði ég ákveðið að setja punkt, eða allavega kommu, við klassíska píanóleikinn. Mig langaði svo rosalega að prófa eitthvað annað - og djassinn kitlaði mikið,“ útskýrir Halldór.

„Ég sótti um í FÍH í djasspíanóleik og komst inn, en ég sótti líka um í LHÍ. Ég vildi halda öllu opnu, ég vissi ekki alveg hvað ég vildi gera annað en að ég vildi vera í tónlist,“ segir hann en hikar. „Ég sótti reyndar líka um í stærðfræði í Háskólanum,“ bætir hann svo við og brosir.

„Ég vissi bara ekkert hvað ég ætlaði að gera. Síðan hugsaði ég með mér að ef ég færi ekki í tónlistina núna væri ég örugglega ekki að fara að gera það eftir að hafa lært stærðfræði í nokkur ár. Ég varð að gefa þessu séns á meðan maður hafði tækifæri til þess. Þetta er kannski ekki praktískasta nám sem hægt er að læra, en alveg ótrúlega gaman og frábært að geta hrærst alveg í þessu,“ segir Halldór.

Litur á skólann sem vettvang fyrir tilraunir

Nám Halldórs í tónsmíðum felst bæði í margs kyns fræðilegum áföngum og vinnu með einkakennurum. „Við erum til að mynda í tónfræði, tónbókmenntum, hljóðfærafraði, tónsmíðaað-

ferðum og öllu mögulegu. Svo fáum við einkatíma með kennara, einu sinni til tvisvar í viku. Ég hef verið hjá sama kennara á þessum tveimur árum, Tryggva M. Baldvinsyni, en ég mun skipta um kennara núna á þriðja árinu mínu. Ég hef lært alveg ótrúlega margt, bæði í tónsmíðum, nótnaskrift og almennt um tónlist, og ég á Tryggva það mest að þakka. Það er mjög algengt að nemendur skipti um kennara á síðasta ári svo ég sló til; mig langar að prófa sem mest. Ég fer til Atla Ingólfssonar í haust. Hann lærði hjá mörgum þekktum tónskáldum úti á Ítalíu og er mjög vel að sér í nútímatónlist. Mér finnst það mjög spennandi,“ segir Halldór, sem sér því ekki eftir ákvörðuninni.

„Þetta hefur liðið svo hratt! Mér finnst ég vera nýbyrjaður í skólanum, en samt er bara eitt ár í útskrift. Svo veit ég nú ekkert hvað ég á að gera eftir það heldur, ætli ég sækji ekki um í svona þremur, fjórum skólum aftur og sjái hvað gerist. Mig og Nadiu kærustu minni, sem er klára söngnám í LHÍ á sama tíma og ég, langar rosalega að fara út, en það er ekki meira planað en það. Mig langar ennþá rosalega í djassinn. Ég hef verið að spila og djassa svölítið síðan ég byrjaði í tónsmíðunum og þetta tengist auðvitað allt - ég er ekkert að semja klassíska tónlist frekar en djass-tónlist eða popptónlist,“ útskýrir Halldór.

„Ég sem bara það sem mér sýnist og dettur í hug hverju sinni. Oft eru þetta kannski einhverjar þælingar og spekúlasjónir sem maður vill prófa. Ég lít á skólann sem vettvang fyrir tilraunastarf-

semi, fyrir mig. Ég þekki mig eiginlega ekki neitt, ég veit ekkert hvað ég á að semja, hvað mér finnst flott í tónlist eða hvað mér finnst ljótt í tónlist... Ég leitast við að komast að því, hvort sem það tekst einhverntímann eður ei, en þetta eru tvímælalaust skref í rétta átt. Í náminu hef ég farið í ólíkar áttir; ég hef samið fyrir söng, alls konar kammerhópa og líka stuttmynd og margt annað. Það er gaman að prófa sem mest. Mig langar líka að vinna aðeins meira með leikurunum. Það hljómar mjög spennandi. Það er ákveðið samstarf milli deilda í skólanum, og maður þarf eiginlega bara að forgangsráða hvað maður vill gera hverju sinni,“ segir Halldór.

Frá Evrópu á Ísafjörð

Þegar blaðamaður nær tali af Halldóri er hann í óðaönn að pakka niður í tösku, enda á förum af landi brott næsta dag. „Ég er að fara að spila undir hjá Stúlkna-kór Reykjavíkur, þar sem Nadia er einmitt leiðbeinandi. Við förum til Berlínar, Hamborgar og Köben og svo út um allt á Ítalíu. Það verður voða fínt! Það eru líka erlendir undirleikarar og stjórnmendur, því þær syngja með fleiri kórum. Ég fæ sem sagt að spila á tónleikum og í messum og svo verð ég bara að drekka bjór og hafa það notalegt,“ segir hann og brosir. „Ég flýg svo til Íslands aðfararnótt 21. júní og strax næsta morgun til Ísafjarðar,“ útskýrir Halldór, en Við Djúpið stendur yfir 21. - 26. júní.

Þar mun Halldór vinna með óbókvarsettum ACJW sem flyt-

ur verk tónskáldanna þriggja. „Við skiluðum verkunum 15. maí síðastliðinn. Við fengum svar í mars um að við hefðum orðið fyrir valinu og byrjuðum þá að semja. Það var reyndar svölítið mikið að gera hjá mér svo ég byrjaði aðeins seinna, en þetta hafðist allt að lokum,“ segir Halldór og brosir við. „Ég hlakka mikið til. Þetta verður held ég mjög lærdómsríkt,“ segir Halldór, sem hefur þegar aflað sér reynslu af svipuðum vettvangi.

„Núna í mars var ég valinn til þess að semja verk með Trío Reykjavíkur. Það var alveg rosalega lærdómsríkt. Ég mætti á nokkrar æfingar með þeim og fékk góðar athugasemdir. Það var svo gaman að fá að vinna með svona fólki, þetta eru náttúrulega toppspilarar og fagfólk fram í fingurgóma,“ segir Halldór, sem segir það sama vera uppi á teningnum með tónlistarfólkið sem tekur þátt í Við Djúpið. „Þau eru víst algjör séné. Svo verður Daníel Bjarnason líka með masterclass í tónsmíðum, svo þetta verður frábært,“ segir hann.

Þeir fiska sem róa

Aðspurður hvort tækifærin fyrir ung tónskáld á Íslandi séu næg svarar Halldór játandi. „En þetta er mjög mikið þannig að þeir fiska sem róa. Ef maður vill fá áheyrn og vill taka þátt verður maður að vera mjög duglegur að senda inn umsóknir og koma sér á framfæri. Áður en ég byrjaði í skólanum hafði ég varla gert umsókn, annað en einhverjar starfs-umsóknir, en núna er ég alltaf að þessu. Ég reyni að gera mikið af því til þess að fá fleiri tækifæri,“

segir Halldór.

Verkið sem ACJW mun flytja á Við Djúpið segir Halldór að vissu leyti fjalla um ræturnar í Grunnavík. Hann vinnur annars töluvert með sögur og frásagnir í verkum sínum. Til dæmis hét verkið sem Trío Reykjavíkur flutti nú í mars *Eflaust*, með undirtilinn *gera allir einhverntíman hluti sem þeir síðar sjá eftir*.

„Mér finnst mjög þægilegt að semja út frá sögum, sem ég annaðhvort heyrir af eða geri í höfðinu á mér. Ég skrifa þær ekkert endilega niður, aðalatriðið er að þá sé ég hlutina betur fyrir mér. Þetta verk var skrifað út frá ákveðnum atburði sem gerðist í raun og veru. Fyrir nokkrum misserum skrifaði ég líka verk fyrir nokkur hljóðfæri í skólanum sem var tileinkað þeim sem hafa misst aðstandendur og ástvini í stríðinu í Írak. Mér finnst gott að sjá þetta fyrir mér svo sá sjónrætt þegar ég sem. En svo á ég örugglega eftir að prófa að fara einhverjar allt aðra leiðir, sem er líka spennandi. Það er svo margt í boði,“ segir Halldór.

„Í verkinu sem ég samdi fyrir Við Djúpið er ég líka að vinna dálítið með orð, en út frá aðeins öðruvísi sjónarhorni. Ég vil ekki gefa of mikið uppi um það, en það er unnið út frá þessum rótum mínum í Grunnavík. Ég horfði svölítið þangað þegar ég samdi það verk, enda fannst mér það liggja beint við þar sem staðurinn hefur beina tengingu við nafn hátíðarinnar,“ segir Halldór Smáráson og brosir leyndardómsfullur áður en hann kveður og snýr sér aftur að ferðaundirbúningi.

– Sunna Dís Másdóttir.

Moussaka að hætti Biljónu

Sælkeri vikunnar býður upp á Moussaka sem er ofnréttur, en upphaflega kemur orðið mussaqq'a úr arabísku og merkir kælt. Til eru margar gerðir og tegundir af Moussaka þ.á.m. tyrknesk, grísk, arabísk, rúmensk ofl.

Moussaka

1 kg kartöflur, skrælaðar og skornar í teninga
500 g nautahakk

5 msk jurtaolía
1 dós (6,5 oz) tómatapúrra
1 tsk aromat
1 egg, létt slegið
2/3 bolli jógúrt
Svartur pipar
2 tsk salt eða eftir smekk

Hitið ofninn í 200°gráður.
Hitið olíu á pönnu á meðalhita.
Bætið við lauk og steikið þar til hann er orðinn gullinn að lit.
Bætið kjötinu við og kryddið með

salti, aromati og pipar. Brúnið kjötið og bætið við tómatsósu. Takið af heitri hellunni.

Skerið kartöflurnar í smáa teninga og raðið þeim í botn eldfasts móts. Setjið kjötið þar yfir og setjið síðan annað lag af kartöflum. Hrærið saman egg og jógúrt í lítilli skál dreifið jafnt yfir kjötið. Setjið örlítið vatn þannig að það rétt nái að hylja kjötið. Setjið í ofn og bakið í um 30-40 mínútur eða þar til það er



orðið gullið að ofan.

Moussaka er vanalega borðað og hefur verið þessu til gáttar. Ég skora á Ceciliu Garate að vera næsti sælkeri vikunnar.

að kólna örlítið áður en hann er borinn fram.

Ég skora á Ceciliu Garate að vera næsti sælkeri vikunnar.



Ferðafélag Íslands stefnir að því að auka þjónustu á svæðinu við Hornbjargsvita.

Taka við rekstri Hornbjargsvita

Siglingastofnun og Ferðafélag Íslands hafa undirritað samning um rekstur Hornbjargsvita og samkvæmt honum mun Ferðafélagið sjá um rekstur hans næstu 10-15 árin. Ólafur Örn Haraldsson, formaður Ferðafélags Íslands, segir í samtali við visir.is, að rekstur vitans falli vel að starf-

semi félagsins. Ferðir um Hornstrandir hafa verið þær vinsælustu sem félagið býður upp á. Þá hafi deild félagsins á Ísafirði verið endurreist og vonast hann eftir góðu samtarfi við hana um reksturinn. Ferðafélagið hyggst auka þjónustu á svæðinu, enda hafi Hornbjarg mikil náttúruleg sér-

kenni og það sé upplifun fyrir ferðamenn að gista þar. Hann segir staðinn ríkan af sögu og gamalgróið félag eins og Ferðafélagið vilji rækta tengslin við söguna.

Ævar Sigdórsson, sem hefur séð um vitann um nokkurra ára skeið, yfirgefur nú vitann. Hann

segir í samtali við visir.is að tilfinningarnar séu blendnar, fjölskyldan sé í hálfgerðu sjokki, enda hafi dvölin á Hornbjargi verið gríðarlega mikil reynsla og óvenju lærdómsrík. „Þetta hefur verið erfitt en mjög gaman og við höfum notið þess að vera þarna. Ég skil við þetta í góðum

höndum og vonast til að starfsemi Ferðafélagsins verði farsæl á þessum stað. Við munum þó snúa aftur því við settum í samninginn að við fjölskyldan ættum innkomu þarna svo lengi sem Ferðafélagið sæi um reksturinn, við eigum alltaf uppábúna svitu,“ segir Ævar og hlær. —asta@bb.is

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja **miðvikudaginn 13. júlí**

Mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum.

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Heyrnartækni þá ætlum við að styrkja KRAFT í sumar með ákveðinni upphæð af hverju seldu heyrnartæki. KRAFTUR er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein


Upplýsingar og tímapantanir í síma 568 6880

 **Heyrnartækni**

Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is



Betri heyrn
Bætt lífsgæði




TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Pitt fólk á Vestfjörðum

Þjónustufulltrúar VÍS á Vestfjörðum taka vel á móti þér og bjóða framúrskarandi tryggingar, persónulega ráðgjöf og eru til þjónustu reiðubúnir í þinni heimabyggð.

Verið hjartanlega velkomin – það er alltaf heitt á könnunni!



Ísafjörður
Eygló Jónsdóttir Guðni Ó. Guðnason Hilmar Pálsson



Bolungarvík
Stefanía Birgisdóttir



Patreksfjörður
Anna Jensdóttir



Þingeyri
Þorbjörg Gunnarsdóttir



Bíldudalur
Heba Harðardóttir



Táknafjörður
Guðlaug Björnsdóttir